



JÓN PÁLL HALLDÓRSSON:

## GAMLI BÆRINN Á ÍSAFIRÐI

og vandi sveitarstjórna í sambandi  
við friðun gamalla húsa.

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um varðveislu gamalla húsa og jafnvel heilla bæjarhverfa. Hefur þar borið mest á áhugamönnum um varðveislu Bernhöftstorfunnar og nú upp á síðkastið Grjótaþorpsins í Reykjavík. Hreyfingar sem þessar hljóta alltaf að hafa veruleg áhrif, og hver sem örlög Bernhöftstorfunnar og Grjótaþorpsins kunna að verða, er það alveg ljóst, að þær hafa glætt skilning fjölmargra landa okkar á nauðsyn þess, að hafizt verði handa til varðveislu ákveðinna sýnishorna af byggðarmeningu Íslendinga frá fyrri tíð. Á stundum hefur áróðurinn farið út fyrir skynsamleg mörk í þessum efnun, eins og oft vill verða. Þannig eru nokkur dæmi þess, að settar hafi verið fram óskir og þess jafnvel krafizt, að friðlýst væru tiltölulega nýleg hús, sem lítið eða ekkert listrænt eða menningarsögulegt gildi hafa, vegna þess að ákveðnar persónur hafi búið þar um tíma. Margir eru svo þeir, sem sýna algjört skeytingarleysi í þessum efnun, og vilja rífa allt og fjarlægja, sem minnir á gamla tíma. Hafa mörg hörmuleg slys átt sér stað í þessum efnun. Hér er skammt öfganna á milli og því nauðsynlegt, að mörkuð verði ákveðin stefna í þessum málum, svo að það verði ekki tilviljun einni háð — eða jafnvel yfirgangi og frekju — hvaða hús verði friðuð. Er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því í upphafi, að fjár-

magn, sem sveitarfélög geta veitt til þessara mála, verður alltaf af skornum skammti og næsta ósennilegt, að framlög ríkisins verði til þess að lyfta Grettistöku.

### Húsafriðunarsjóður

Á Alþingi 1975 voru samþykktar breytingar á Þjóðminjalögum, sem gera ráð fyrir, að stofnaður verði húsafriðunarsjóður. „Hlutverk hans er að veita styrki til viðhalds og endurbóta húsa, húshluta og annarra mannvirkja, sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt gildi og stuðla að friðun húsa.“

Tekjur sjóðsins verða 20 króna framlag ríkissjóðs á hvern íbúa landsins og jafnhátt framlag hlutaðeigandi sveitarfélags. Tekjur sjóðsins geta þannig orðið um 8 millj. króna á þessu ári, en breytast síðan árlega í hlutfalli við byggingarvisitölu.

Stofnun húsafriðunarsjóðs markar vissulega þáttaskil í þessum málum, og er þess að vænta, að framhaldið verði fastmótaðri stefna heldur en hingað til hefur ráðið í þessum efnun. Á undanfögnu árum höfum við orðið vitni að alvarlegum mistökum á þessu sviði, mistökum, sem aldrei verða bætt. Í kring um allt land hefur

merkilegum húsum og mannvirkjum verið sópað í burtu í algjöru skeytingarleysi og mjög oft að þarflausu, oftast til þess að rýma fyrir einhverju nýju. Það er fyrst upp úr árinu 1950, sem menn fara að leiða hugann að því, að margar þessar byggingar hafi menningarsögulegt gildi fyrir viðkomandi byggðarlag, og farið er að spyrna við fótum gegn þessari niðurrifsstefnu.

---

## Byggðarmenning mótast

---

Byggðarmenning okkar Íslendinga á sér ekki langa sögu, og húsakostur og híbýlakostur bar lengst af merki hinnar almennu fátæktar landsmanna, erfiðrar veðráttu og lélegs hráefnis. Ísland var dæmigert bændaþjóðfélag fram á miðja 19. öld. 1850 losaði íbúatala Reykjavíkur rétt þúsundið (1.149 íbúar), á Ísafirði voru búsettir 90 og á Akureyri voru komnir 180 íbúar, en þetta voru fjölmennustu staðirnir fram yfir síðustu aldamót. Það er ekki fyrr en þilskipaútgerðinni fer að vaxa fiskur um hrygg, að veruleg breyting verður í þessum efnium. Þá fyrst fara sjómenn og iðnaðarmenn að taka sér fasta búsetu við sjávarsíðuna, og á næstu 50 árum — fram til aldamótanna — fjölgar fólki mjög ört á þessum stöðum. Um aldamótin eru íbúar Reykjavíkur orðnir 5.802, Ísfirðingar 1.067 og Akureyringar 1.038. Það er athyglisvert, að fyrstu þéttbýliskjarnarnir myndast allir þar, sem hafnarskilyrði voru góð frá náttúrunnar hendi — Reykjavík — Ísafjörður — Akureyri — Seyðisfjörður — enda hafði verzlunin haft aðsetur á þessum stöðum um árabíl.

Á öllum þessum stöðum og reyndar á flestum þeim stöðum, þar sem danska einokunarverzlunin bjó um sig, eru merkilegar byggingar svo sem verzlunarhús, vöruskemmur og íbúðarhús, sem nátengdar eru sögu þessara staða. Víða hafa einnig varðveitt bygðahverfi, sem segja okkur, hvernig húsakostur fyrstu íslenzku kaupstaðabúanna var gerður. Stór hluti þessara húsa er byggður af miklum vanefnum, en öll eiga þau það sameiginlegt, að yfir þeim er ákveðinn stíll. Þau eru óaðskiljanlegur þáttur í íslenzkri þjóðarsögu, og af þeim ástæðum ber okkur að varðveita

þau. Í þessum efnium mega menn ekki láta það villa sér sýn, að flest elztu húsin eru dönsk og minna óneitanlega á danska höndlun. Við skulum minnast þess, að á rústum þessarar dönsku einokunarverzlunar reis víða upp þróttmikil innlend verzlun og atvinnurekstur, sem skóp grundvöllinn að síðari framförum í atvinnuháttum og verkmenningu þjóðarinnar.

---

## Hús Konungsverzlunarinnar í Neðstakaupstað

---

Þegar ákveðið var, að verzlun á Íslandi skyldi gefin frjáls öllum þegnum Danakonungs frá 1. janúar árið 1787, var jafnframt tilkynnt, að allar eignir Konungsverzlunarinnar á Íslandi yrðu seldar. Verzlunarstaðinn á Ísafirði keyptu nokkrir kaupmenn frá Altona í Þýzkalandi, og hófu þeir verzlun og útveg frá Ísafirði árið 1788. Hét fyrirtæki þeirra Hið Altónska verzlunarfélag (Det Altonaiske Handels Interessentskab). Af þeim húsum, sem Altónska verzlunarfélagið keypti, standa ennþá fjögur hús í Neðstakaupstað:

1. Tjöruhús eða beykishús, byggt 1734
2. Sölubúð eða krambúð, byggt 1757 eða 1761
3. Faktorshús, byggt 1765
4. Turnhús, byggt 1784–1785

Hið Altónska verzlunarfélag starfaði aðeins skamma hríð, og 15. ágúst 1794 auglýsti Ólafur Stefánsson, stiftamtmaður, uppboð á húseignum félagsins í Neðstakaupstað, og er þar greint frá stærð og aldri verzlunarhúsanna, þannig að óyggjandi upplýsingar liggja fyrir um aldur þeirra. Sölunefnd einokunarverzlunarinnar annaðist undirbúning uppboðsins fyrir Altona-kaupmennina, en úr uppboði varð ekki, þar sem þeir gengu að tilboði frá Jens Lassen Busch, kaupmanni, og tók hann þetta ár við eignum og verzlunarrekstri í Neðstakaupstað og rak þar verzlun síðan.

Löngu síðar, eða árið 1883, keypti Ásgeirsverzlun Neðstakaupstaðinn af M. V. Sass & Sönnar í Kaupmannahöfn, sem þá höfðu rekið Neðstakaupstaðarverzlun um 40 ára skeið. Urðu þau kaup til þess að auka mjög umsvif þess fyrir-



Naust í Hæstakaupstað reist af Björgvinjarkaupmönnum 1788—1791. Það var rífið árið 1943.

tækis, og bjó verzlunarstjórinn, Árni Jónsson, í faktorshúsinu til dauðadags.

## Hús Norðmanna í Hæstakaupstað

Vorið 1788 byrjaði félag fjögurra kaupmanna frá Björgvin í Noregi verzlun og útveg á Ísafirði og stofnaði til nýs verzlunarstaðar, þar sem í fyrstu var nefndur Efri kaupstaðurinn, en síðar hlaut nafnið Hæstakaupstaður, og loðir það nafn við enn. Faktor þess fyrirtækis hét Ernst Matthías Heidemann, og kvæntist hann íslenskri konu, Valgerði að nafni. Heidemann kom til Ísafjarðar vorið 1788. Byggði félagið fyrst íbúðarhús og sölubúð. Hin næstu ár var enn haldið áfram byggingarframkvæmdum, og mun þeim hafa lokið árið 1791. Alls byggðu Norðmenn átta hús í Hæstakaupstaðnum. Einnig byggðu þeir í Bolungarvík tvö vönduð timburhús til íbúðar og vörugeymslu. Þau er nú búið að rífa. Gekk annað lengi undir heitinu Norskahús og var notað sem fiskhús.

Norðmennirnir gáfust fljótlega upp á verzluninni á Ísafirði og lögðu hana niður árið 1794,

en árið 1795 seldu þeir verzlunarstaðinn Ólafi Thorlaciusi, kaupmanni á Bíldudal.

Af þeim húsum, sem Norðmennirnir byggðu í Hæstakaupstaðnum, stendur nú aðeins eitt eftir. Það er íbúðarhús verzlunarstjórans, og hefur það verið stækkað um allt að þriðjung frá því, sem það var upphaflega, en ókunnugt er, hvenær stækkunin var gerð. Öll hin húsin hafa nú verið rifin, það síðasta 1943. Sölubúðin var rifin árið 1873, og var þá reist sölubúð sú, sem nú stendur í Hæstakaupstað.

## Dönsk verzlun í Miðkaupstað

Árið 1816 var enn stofnað til nýrrar verzlunar á Ísafirði. Þá réðust danskir kaupmenn í það að byggja að stofni verzlun í svonefndum Miðkaupstað, upp af Mjósundum. Var fyrirtækið nefnt Sönderborgarverzlunin (Det Sönderborgske Etablissement). Árið 1816 voru byggð þarna tvö hús, íbúðarhús, sem ennþá stendur, og sölubúð, sem rifin er fyrir löngu. Þessi verzlun varð ekki langlíf.



Íbúðarhús verzlunarstjórans í Hæstakaupstað, byggt árið 1788.



Íbúðarhús Árna Sveinssonar, kaupmanns. Byggt um aldamótin. Vilmundur Jónsson, landlæknir, bjó síðar í húsinu.



170 Íbúðarhús við Tangagötu á Ísafirði.

## Einstætt sýnishorn af húsagerð danskra einokunarkaupmanna

Eins og hér hefur verið rakið, standa enn í Neðstakaupstað fjögur hús, sem byggð voru af dönsku einokunarverzluninni og fimmta húsið í Hæstakaupstað, reist af Björgvinjarkaupmönnum í lok 18. aldar. Öll þessi hús hefur bæjarstjórn Ísafjarðar nú samþykkt að friðlýsa, en bæjarstjórn og hafnarsjóður eru nú eigendur allra húsanna.

Í riti sínu um Einokunarverzlun Dana á Íslandi segir Jón J. Aðils, að elztu verzlunarhús Dana hafi verið fremur lítilfjörleg og óvönduð, „en þó að líkindum oftast, ef eigi ávallt, verið úr timbri.“


Eftir að einokunin hófst, gátu dönsku kaupmennirnir verið öruggir um framhald á verzluninni, „og fóru þeir þá að búa betur um sig og leggja meira í kostnað en áður hafði tíðkæzt, enda er að jafnaði gert ráð fyrir því í verzlunarskilmálunum, að viðtakandi kaupí húsin eftir mati óvilhallra manna, ef breyting varð á útgerðinni.“

Verzlunarhúsin í Neðstakaupstað eru einstætt sýnishorn af húsagerð danskra einokunarkaupmanna á 18. öld, þar sem þau eru byggð af fjórum aðilum, sem fóru með verzlunina á þessu tímabili:

1. Tjöruhúsið byggt af Félagi lausakaupmanna (1733–1742).

2. Krambúð er byggð af Hörmangarafélaginu (1743–1758) eða Konungsverzluninni fyrri (1759–1763). Um það ber heimildum ekki saman. Í uppboðsauglýsingu þeirri, sem sölunefnd einokunarverzlunarinnar sendi Ólafi Stefánssyni, stiftamtmanni, árið 1794, er Krambúðin talin vera byggð árið 1757 í tíð Hörmangarafélagsins, en í virðingargerð frá árinu 1774 er byggingarárið talið vera 1761, en þá fór Konungsverzlunin fyrri með verzlunina. Skiptir þetta raunar ekki miklu máli, en líklegast er síðara ártalið rétt.

3. Faktorshúsið er byggt af Almenna verzlunarfélaginu (1764–1773) og



Tjöruhús eða beykishús byggt árið 1734. Húsið er friðað.

4. Turnhúsið af Konungsverzluninni síðari (1774–1787).

---

## Friðlýst hús

---

Sögufélag Ísfirðinga og stjórn Byggðasafns Vestfjarða hafa hvatt til þess í mörg ár, að þessi hús yrðu friðlýst, svo að þeim yrði forðað frá skemmdum og eyðileggingu. Hefur það nú verið samþykkt. Formaður Sögufélags Ísfirðinga, Jóh. Gunnar Ólafsson, fyrrv. bæjarfógeti, hefur varið miklum tíma til þess að kanna uppruna og aldur húsanna, og liggja nú fyrir óyggjandi upplýsingar um það efni.

Sumarið 1970 dvöldu nokkrir nemendur Listaháskólans í Kaupmannahöfn á Ísafirði á vegum Stefáns Arnar Stefánssonar, sem þá var sjálfur nemandi skólans, og teiknuðu þeir og mældu upp verzlunarhúsin í Neðstakaupstað. Hafa þeir nú sent Byggðasafni Vestfjarða þessar teikningar til varðveislu.

Ég tel, að með friðlýsingu húsanna í Neðsta-


kaupstað sé stórum áfanga náð. Það er svo framtíðarverkefni að koma þeim í upprunalegt horf, en það hlýtur óhjákvæmilega að taka langan tíma. Upprunalegu útliti tveggja elztu húsanna — Tjöruhússins og Krambúðarinnar — hefur verið töluvert breytt, þó ekki gluggaskipan, en hið innra eru þau næsta lítið spillt, og bæði eru húsini ófúin. Krambúðin hefur verið notuð sem íbúðarhús um langt árabil, og er svo enn. Faktorshúsinu, sem er plankabyggt og súðað, hefur nokkuð verið breytt frá upprunalegri mynd, gluggum hefur verið breytt, og kvistum og viðbyggingum verið klúðrað við það.

---

## Turnhúsið

---

Byggingarstíll á turnhúsinu sker sig mjög úr byggingarstíl hinna húsanna. Jóh. Gunnar telur, að hér sé um að ræða fornan byggingarstíl frá Germönnum í Mið-Evrópu. „Minnir byggingarstíll Turnhússins á svonefndan „sparra-stova“-stíl (sperrustofustíl), eins og tíðkaðist á bændabýlum



Faktorshús byggt árið 1765. Húsið er friðað.



Tangagata 29 á Ísafirði.



Sölubúð eða krambúð, byggð árið 1757 eða 1761. Finnur Jónsson, ráðherra og síðar Birgir Finnsson, alþingisforseti, bjuggu í þessu húsi.

í Svíþjóð að fornu. Var þar lagður bjálki ofan á bjálka, sem læstir voru saman á hornunum á sama hátt og sperrur. Sá einn munur er, að í Turnhúsinu er höggvinn viður, en í hinum fornu húsum var óunninn viður. Veggjahæð var mjög lítil, en ris mikið.“

Sigfús H. Andrésón, sagnfræðingur, telur mjög líklegt, að húsið sé búið til í Moss í Noregi, en sá bær er við Oslofjörð. Konungsverzlunin hafði nefnilega föst viðskipti þar og flutti jafnan timbur beint þaðan til suður- og vestur-hafnanna á Íslandi. Því má svo bæta við, að í einokunar-samningunum við kaupmenn allt frá árinu 1721 voru þeir hvattir til að kaupa timbur í Noregi, og jafnframt tekið fram, að þeim sé leyfilegt að láta höggva þar til hús.

Á árunum 1784–1785 rak konungur enn verzlun á Ísafirði, konungsverzlunina síðari, og styrkir það tilgátu Sigfúsar, að Turnhúsið sé tilhöggvið í Noregi, en sami byggingarstíll mun hafa tíðkapt í Noregi og Svíþjóð.

---

## Flutningur á upprunalegan stað

---

Hæstakaupstaðarhúsið hefur verið stækkað um þriðjung, eins og áður er sagt. Samtímateikningar eru til af þessu húsi, og hefur stjórn Byggðasafnsins lagt til, að það verði flutt niður í Neðstakaupstað og reist þar í upprunalegri mynd. Myndi það örugglega sóma sér vel í samfélagi með húsum einokunarverzlunarinnar og mynda skemmtilega heild með þeim. Það er þýðingarmikið, að búið sé í þessum húsum, svo að þau varðveitist betur. Er af þeim sökum æskilegt, að Hæstakaupstaðarhúsið verði flutt, svo að hægt sé að búa í þrem húsum á staðnum, þar sem húsin standa alllangt frá annarri byggð á eyrinni.

Það er einnig tillaga stjórnar Byggðasafnsins, að fyrst verði stefnt að endurbótum á Turnhúsinu og safnið fái það til afnota til varðveislu og geymslu stærri muna, einkanlega frá véla- og tækniöld. Það kallar á mikið húsrými, og væri Turnhúsið kjörið til þeirra nota. Einnig höfum við sett fram þá hugmynd, að á efri hæðinni verði



Turnhús byggt árin 1784—1785. Húsið er friðað.

innréttuð lítil veitingastofa, þar sem safngestir gætu keypt sér veitingar, þegar safnið er opið.

Mér hefur að vonum orðið tíðrætt um gömlu verzlunarhúsin á Ísafirði og varðveizlu þeirra, enda tel ég, að þau séu ein merkilegasta menningararfleifið, sem bæjarfélagið ræður yfir.

---

### Tekst að varðveita gamla bæjarhlutann?

---

„Fleira er merkilegra húsa á Ísafirði,“ segir Hörður Ágústsson, skólastjóri, í ágætri grein, sem hann ritaði í Birting árið 1962. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, tóku bæir eða kaup-tún fyrst að myndast hér á landi eftir miðja 19. öld, og það er ekki fyrr en á fyrsta áratug þessarar aldar, sem veruleg fjölgun verður í bæjunum. Þannig fjölgaði íbúum Ísafjarðar úr 1.067 í 1.854 á fyrsta áratug aldarinnar (1900–1910). Er mikill fjöldi íbúðarhúsa, sem stendur neðst á eyrinni

einmitt byggður um þetta leyti, fyrir og eftir aldamótin, og myndar hann nokkuð samfellda heild. Mjög væri æskilegt, ef takast mætti að varðveita þennan hluta bæjarins lítt skemmdan, því að hann sýnir okkur í hnotskurn, hvernig húsakostur sjómanna og verkamanna var á fyrstu árum vélbátaútgerðarinnar á Íslandi. Því miður verð ég að láta í ljósi vissar efasemdir um, að þetta megi takast. Liggja til þess ýmsar ástæður. Eins og gefur að skilja voru flest þessara húsa byggð af miklum vanefnum, og er húsrými því allt mjög þröngt. Það uppfyllir því engan veginn þær kröfur, sem ungt fólk í dag gerir til húsrým-is, enda eru flestir íbúar þessara húsa komnir yfir miðjan aldur. Þeir, sem búa í þessum húsum, vilja gjarnan endurbæta þau og breyta þeim, eftir því sem efnahagur leyfir. Það fyrsta, sem þá er ráðizt á, eru gluggapóstar og hurðir. Það er ódýrara að kaupa eina stóra rúðu heldur en sex litlar, og það er margfalt ódýrara að kaupa hurð af lager hjá hurðaverksmiðju heldur en að láta

sérsmíða hurð í stíl við þá gömlu og vandséð, að hægt sé að fá iðnaðarmenn til að vinna verkið. Í þessu sambandi dettur mér í hug lítið og geðþekkt hús, sem ég geng oft framhjá. Í húsinu hafa alla tíð búið fjórar fjölskyldur, misjafnlega efnunum búna. Nú hafa allir eigendur endurnýjað útidyrhurðina hjá sér og við augum blasir þróunin í hurðagerð síðustu 25 árin — fjórar mismunandi hurðir. Nú kann einhver að segja, að þetta eigi byggingaryfirvöld ekki að láta viðgangast — hér sé eftirlitsleysi um að kenna. Vissulega eru það sterk rök, en spurningin er, hver treystir sér til að segja öldruðum verkamanni, sem ef til vill lifir af ellistyrknum einum, að hann megi ekki kaupa ódýrustu hurðina, sem völ er á, hann verði að láta sérsmíða fyrir sig hurð, enda þótt hún sé 3–4 sinnum dýrari? Það séu áhugasamir húsafríðunarmenn í bænum, sem eindregið óski eftir því. Ég geri ráð fyrir, að blessaður öldungurinn myndi hrista höfuðið.

---

## Hvað geta sveitarstjórnir gert?

---

Hugsanlegt er, að hér geti sveitarstjórnin gripið inn í og tekið að sér að greiða mismuninn, til þess að varðveita upprunalegt svipmót byggðarinnar. Ég veit dæmi þess, að slíkt hefur verið gert í Suður-Noregi, í Mandal og Flekkufirði og ef til vill víðar. Þar hefur tekizt að varðveita stór bæjarhverfi af gömlum húsum, sem mynda mjög skemmtilega heild í bæjarmyndinni. Hætt er þó við, að slík ráðstöfun á almannafé kynni að verða gagnrýnd og ýmsum þætti því fjármagni betur varið til annarra þarflegri hluta.

---

## Seinustu forvöð

---

Ég tel miklu máli skipta, að takast megi að varðveita sýnishorn af fyrstu þéttbýlismyndun landsins, hér í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri og ef til vill víðar. Ennþá er þetta hægt, en eftir nokkur ár verður það ógerlegt. En við skulum ekki loka augunum fyrir því, að þetta er miklu

kostnaðarsamara verkefni en svo, að lítil sveitarfélög fái risið undir þeim kostnaði, ef þau ættu að bera kostnaðinn af því. En þau geta með ýmsu móti haft áhrif á, að þessum gömlu bæjarhverfum verði ekki spillt að óþörfu, t. d. með steinkumböldum, sem ekki falla inn í þessa bæjarmynd. Auðar lóðir mætti hæglega nýta með því að flytja þangað gömul hús úr öðrum hverfum, t. d. hús, sem nauðsynlegt reynist að flytja til vegna aukins umferðarþunga. Einnig mætti hugsa sér, að Húsnæðismálastofnun ríkisins veitti hagstæð lán til endurbóta og viðhalds á ytra útliti þessara húsa. Með því móti væri hægt að hafa áhrif á, að þau glötuðu ekki upprunalegu útliti sínu. Yrði þá stofnaður sérstakur lánaflokkur til að sinna þessu verkefni, og þyrfti þá meðmæli húsafríðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar til þess að fá lán úr honum. Hugsanlega gætu viðkomandi sveitarfélög veitt einhverja fyrirgreiðslu í þessum efnunum og stutt við bakið á íbúum þeirra.

Kjarni málsins er, að ákveðið verði, hvað við höfum hug á að ganga langt í þessum efnunum, áður en við glötum dýrmætum tíma, og mótum stefnuna fremur af raunsæi en óskhyggju.